

REGLUGERÐ

203

30. okt.

um breyting á reglugerð um gerð og notkun bifreiða, nr. 72 24. júní 1937.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á fjórhjóra bifreiðum skulu vera ljósker, er séu tendruð frá því, að hálf tími er liðinn frá sólsetri og þangað til hálf tími er til sólaruppkomu, einnig í þoku.

Á fjórhjóra bifreiðum skulu vera tvö framljósker og minnst eitt afturljósker. Framljóskerin skulu hafa hvítt eða daufgult ljós og bæði sama ljósmagn. Þau skulu vera sitt til hvorrar hliðar framan á bifreiðinni og lýst akbrautina fram undan nægilega til þess að skapa nauðsynlega yfirsýn fyrir ökumanninum og sett og stillt þannig, að geislar þeirra valdi sem minnstum óþægindum þeim vegfarendum, er á móti koma. Hægri ljósgeisli skal vísa $2\frac{1}{2}$ gráðu til vinstri. Afturljóskerið skal sýna rautt ljós beint aftur, en lýsa jafnframt aftara skrásetningarmerki bifreiðarinnar nægilega með hvítu ljósi. Um ljóskerið má ekki búa svo, að hægt sé að slökkva á því frá ökumannssætinu eða inni í bifreiðinni, á meðan ljós er á framljóskerunum.

Á hverri bifreið skulu vera biðljós. Skal loga á þeim, þegar bifreiðin er stöðvuð á óupplýstri akbraut í myrkri.

Í bæjum og úmóta þéttbýli má ekki aka með ljósgeislum, er kastast meira en 18 metra fram á veginn. Á vegum úti má aka með hærri ljósgeisla, en ávallt skal lækka ljósin, er bifreiðar mætast, svo að þau blindi ekki vegfarendur eða villi þeim sýn, er á móti koma.

Á tvíhjóra bifreiðum (bifhjólum) skal vera eitt framljósker með hvítu eða daufgulu ljósi, er lýsi akbrautina nægilega og á þann hátt, sem segir í 2. mgr., og eitt afturljósker, er sýni rautt ljós beint aftur, en lýsi skrásetningarmerki bifreiðarinnar með hvítu ljósi.

Dragi bifreið vagn, skal afturljósker vera á vagninum, sem dreginn er. Skal það lýsa með rauðu ljósi beint aftur en með hvítu ljósi á skrásetningarmerki vagnsins, er skal vera hið sama og bifreiðarinnar, sem dregur hann.

Á öllum bifreiðum, sem eru að breidd 2,30 m eða þar yfir, skulu vera tvö rauð ljós að aftan og tvö rauð ljós að framan, sitt til hvorrar hliðar og í sömu hæð á yfirbyggingu bifreiðarinnar, er sýni breidd hennar, og séu ljósin ekki fjær yztu hliðarbrún yfirbyggingar en 0.15 m miðað við miðju ljóskersins. Á vörubifreiðum, sem falla undir þetta ákvæði, má þó í stað rafljósa, ef þeim verður ekki við komið, hafa rauða, glitrandi glerfleti (kattarauga).

Skýlt er ökumönnum að halda öllum ljósaumbúnaði vel við og hafa hann ætíð sem tryggastan.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og birtist hún til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 30. október 1947.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.